



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

*Fornleifaskráning á
deiliskipulagsreit í
landi Þinghóls á
Tálknafirði*

Atli Rúnarsson
Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Júní 2024
NV nr. 18-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Júní 2024
Skýrsla nr: NV nr. 18-24	Verknúmer: 664	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag: 1	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Þinghóls á Tálknafirði.		Unnið fyrir: Landhönnun
Höfundur: Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR AÐ BEIÐNI TÁLKNAFJARÐARHREPPS GERÐI NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA FORNLEIFAKÖNNUN Á DEILISKIPULAGSREIT Í LANDI ÞINGHÓLS (HÉT ÁÐUR HÓLL) Á TÁLKNAFIRÐI Í VESTUR BARÐASTRANDASÝSLU. SVÆÐIÐ SEM UM RÆÐIR ER UM 7,8 HA AÐ STÆRÐ. FYRIRHUGAÐ ER AÐ ÞAR RÍSI FRÍSTUNDABYGGÐ SEM FELUR Í SÉR 16 LÓÐIR MEÐ SMÁHÝSUM, ÞJÓNUSTU/HÓTEL, LEIKSVÆÐI, KIKJULÓÐ OG KIRKJUGARÐ.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirfarið af:

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR.....	4
2.	AÐFERÐAFRÆÐI.....	5
2.1	Tilgangur fornleifaskráninga.....	5
2.2	Skráning fornleifa.....	6
3.	FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	7
3.1	Saga Þinghóls (Hóls)	7
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis.....	9
4.	NIÐURSTÖÐUR	16
5.	HEIMILDASKRÁ	17
6.	KORT.....	18


1. INNGANGUR

Að beiðni Óskars Arnar Gunnarssonar Skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit í landi Þinghóls (hét áður Hóll) á Tálknafirði í Vestur Barðastrandasýslu. Svæðið sem um ræðir er um 7,8 ha að stærð. Fyrirhugað er að þar rísi frístundabyggð sem felur í sér 16 lóðir með smáhýsum, þjónustu/hótel, leiksvæði, kirkjulóð og kirkjugarð. Í skýringarupphætti Þinghóls¹ er gert grein fyrir afmörkun svæðisins og hvað það felur í sér.



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort.

Svæðið var gengið og minjar skráðar. Svæðið sem um ræðir er í dálitlum halla með útsýni yfir Tálknafjörð og fjallahringinn. Vettvangsvinna fór fram þann 12. maí 2024 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, sem jafnframt sá um skýrslu og kortagerð ásamt Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur fornleifafræðingi.



Mynd 2. Deiliskipulagsreitir í landi Þinghóls. Myndin er fengin úr skýringarupphætti Þinghóls (Tálknafjarðarhreppur. 2010).

¹ Tálknafjarðarhreppur. 2010.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum

í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3253 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3253-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga Þinghóls (Hóls)

Jörðin hóll er staðsett á milli jarðanna Tungu til vesturs og Sveinseyrar til austurs.² Jarðarinnar er fyrst getið í íslenskum fornritum í reikningum frá árinu 1570.³ Þar að auki er jarðarinnar getið sama ár í Gíslamáldaga þar sem Hóll kemur fram sem eign kirkjunnar í Laugardal.⁴ Jörðin kemur einnig fram í reikningum frá árinu 1571.⁵

Í manntali frá 1703 bjuggu þar 12 manns og voru það hjónin Sigurður Torfason, kona hans Guðrún Sveinsdóttir og börnin þeirra fjögur. Þar að auki vinnukonur tvær, sveitarkona og tveir ábúendur.⁶ Ekki eru gögn skráð í manntali aftur fyrr en árið 1920 og bjuggu þar 11 manns. Bjuggu þar þá Emil Óskar Sæmundsson Vestfjörð, kona hans Kristjana Guðmunda Guðmundsdóttir og börn þeirra. Þar að auki móðir húsfreyjunnar og ljósmóðir.⁷

Samkvæmt jarðabók Árna og Páls var „Jarðardýrleiki 18 hundruð og so tíundast 4 tíundum. [...] Landskuld fyrir 5 eða 6 árum vii vættir, þar eftir vi vættir til bólunnar, nú 4 vættir. [...] Leigukúgildi iii, áður v, nú eru ii há hverjum.“⁸ Þegar Jarðatal á Íslandi var skrifað árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar einnig 18 hundruð, landskuldin 0,80 og kúgildin 3.⁹

Í örnefnaskrá segir um nafn jarðarinnar „Nú upp á síðkastið hefur jörð þessi verið nefnd Þinghóll, og er svo komið, að nafn þetta er komið inn í bækur sýslumanns. En fyrir því nafni eru engin gömul rök til. Þingstaður hefur aldrei verið hér. Fyrst var hann í Stóra-Laugardal og síðar á Kvígindisfelli. Fyrsta skipti, sem þetta nafn kemur fram, er 3. dag júní 1885 í úttektafbók. Þá er hreppstjórinn í Tálknafjarðarhreppi og eiðsvarinn úttektaarmaður staddur að Hóli, það er jörðinni Þinghóli o.s.frv., og svo er Þinghóll ekki meir nefndur í úttektinni. Svo fer nafninu að skjóta upp, og fer það nokkuð eftir því, hver

² *Sögur og sagnir*. 2019.

³ *Diplomatarium Islandicum XV*. 1947-50. Bls. 478 og 485.

⁴ *Diplomatarium Islandicum XV*. 1947-50. Bls. 582.

⁵ *Diplomatarium Islandicum XV*. 1947-50. Bls. 524 og 528.

⁶ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. 1703.

⁷ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. 1703.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938. Bls. 345.

⁹ J. Johnsen. 1847. Bls. 184.

býr þar, og nú, síðan 1940, er það stöðugt. Má vel vera að nafnið sé aðeins orðið til af því, hve staðarlegt er á Hóli og fagurt þaðan að sjá.”¹⁰

Sagt er að um eða fyrir aldamótin 1900 hafi Thor Jensen hafi keypt Hól í Tálknafirði og ætlað sér að setja þar upp verslun á grundunum. Það hafi þó ekki komist í framkvæmd og varð því ekkert að því.¹¹

¹⁰ Örnefnaskrá Hóll. Bls. 1.

¹¹ Hallbjörn Oddsson 1963, 146 (Ársrit Sögufélags Ísfirðinga)

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3253-001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðsetning: E 277573.2 , N 578439.8

Lengd: 52.4m

Breidd: 35.5m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Undir kirkjunni.

Minjalýsing: Líklega er hér um að ræða gamla bæjarhól Hóls. Á loftmynd frá 1958 stóð bærinn örfáum metrum vestan við hólinn en lag hans bendir til þess að um bæjarhól sé að ræða. Kirkjan stendur á honum miðjum og hefur líklega raskað honum mikið.



Mynd 3. Horft suður að Tálknafjarðarkirju. Kirkjan stendur efst á bæjarhól 3253-001.

Númer: 3253-002

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277543.6, N 578470.9

Ástand: Sést ekki

Horfin: Vegna niðurrifs

Hættumat: Engin hætta

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Á loftmynd frá 1958 má sjá bæjarhús Þinghóls, þau stóðu þar sem nú er malarvegur framhjá kirkjunni að sumarhúsabyggð.



Mynd 4. Bæjarhús Þinghóls (3253-002) merkt inn á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Bæjarhús Þinghóls sjást á loftmynd frá 1958. Ekkert sést til húsanna núna þar sem þau hafa verið rifin og vegur lagður yfir þar sem þau stóðu.

Númer: 3253-003

Hlutverk: Óþekkt/Skúr

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277520.6, N 578495.7

Ástand: Sést ekki

Horfin: Vegna niðurrifs

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Þar sem nú er húsið Kirkjubraut 3.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 má sjá skúr frá Þinghóli standa þar sem nú er húsið Kirkjubraut 3. Ekkert sést til skúrsins vegna niðurrifs og ekki er víst hvort að um eiginlegar fornleifar hafi verið að ræða.



Mynd 5. Skúr frá Þinghóli (3253-003) merktur inn á loftmynd frá 1958.

Númer: 3253-004

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277591.6, N 578548.3

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Um 80m norðan við kirkjuna.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 sést matjurtagarður frá Þinghóli. Ekkert sést til matjurtagarðsins í dag, heldur er þar einungis slétt graslandi. Ekki er víst hvort um eiginlegar fornleifar sé að ræða.



Mynd 6. Matjurtagarður frá Þinghóli (3253-004) merktur inn á loftmynd frá 1958.

Númer: 3253-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277437.7 , N 578498.7

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já


Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Þar sem nú stendur húsið Kirkjubraut 6.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 er merkt hús þar sem nú stendur húsið Kirkjubraut 6.



Mynd 7. Húsið (3253-005) er merkt með rauðum hring á kortinu

Númer: 3253-006

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277459.1 , N 578485.4

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já


Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Við vesturenda bílastæðis við húsinn Kirkjubraut 2 og 4.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var merkt hús frá Þinghóli þar sem nú er bílastæði við húsinn Kirkjubraut 2 og 4.



Mynd 8. Húsið (3253-006) merkt með rauðum hring inn á túnakortið frá 1920.

Númer: 3253-007

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277490.7 , N 578475.3


Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei



Mynd 9. Hús (3253-007) merkt með rauðum hring inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Um 5m NA við húsið Kirkjubraut 2.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var merkt hús frá Þinghóli. Ekkert sést í húsið í dag enda liggur vegur/bílastæði yfir þar sem það stóð.

Númer: 3253-008

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277513.0 , N 578457.3


Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:


Friðlýst: Nei



Mynd 10. Húsið (3253-008) merkt með rauðum hring inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Á grasivöxnu svæði um 15m austan við húsið Kirkjubraut 2.


Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var á þessum stað merkt hús frá Þinghóli. Ekkert sést til hússins í dag eftir að það var rífið.

Númer: 3253-009**Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** E 277526.0 , N 578475.9**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Friðlýst:** Nei

Mynd 11. Bæjarhús Þinghóls merkt með rauðum hring inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Þar sem nú liggur malarvegur í vestur frá kirkjunni. Um 10m sunnan við þar sem húsið Kirkjubraut 3 stendur nú.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 voru bæjarhús Þinghóls merkt á þessum stað. Ekkert sést til bæjarins í dag þar sem búið er að leggja veg þar sem þau stóðu.

Númer: 3253-010**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** E 277549.5 , N 578436.6**Ástand:** Sést ekki**Horfin:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Friðlýst:** Nei

Mynd 12. Húsið (3253-010) merkt með rauðum hring inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Þar sem nú er vegurinn upp brekkuna að kirkjunni, um 20m SV við kirkjuna.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var merkt hús á þessum stað. Ekkert sést til hússins í dag enda búið að leggja veg yfir hluta þess.

Númer: 3253-011

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277557.8 , N 578460.3


Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei



Mynd 13. Húsið (3253-011) merkt með rauðum hring inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Um 10m vestan við kirkjuna. Þar sem nú er malarvegur og stígar framan við kirkjuna.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var hús merkt á þessum stað. Ekkert sést til hússins í dag enda búið að slétta svæðið og leggja veg og stíga yfir.

Númer: 3253-012

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277566.0 , N 578448.8


Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei



Mynd 14. Húsið (3253-012) merkt inn á túnakort frá 1920.

Staðhættir: Nokkrunvegin þar sem kirkjan stendur.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var merkt hús á þessum stað. Ekkert sést til hússins í dag enda var það staðsett nokkrunvegin þar sem Tálknafjarðarkirkja stendur í dag.

Númer: 3253-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: E 277595.2 , N 578551.1

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já


Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Á sama stað og matjurtagarður 3253-004 var staðsettur árið 1958.

Minjalýsing: Á túnakorti frá 1920 var merkt hús á þessum stað. Húsið hefur verið rífið og seinna settur matjurtagarður þar sem það stóð. Engin ummerki sjást um húsið né matjurtagarðinn.



Mynd 15. Húsið (3253-012) merkt inn á túnakort frá 1920.

4. NIÐURSTÖÐUR

Einungis einar minjar eru enn sjáanlegar á yfirborði á framkvæmdarsvæðinu, þ.e. bæjarhóll 3253-001. Þar sem kirkjan stendur á honum telst hann í mikilli hættu vegna ábúðar og er án efa búið að raska honum mikið nú þegar. Hinar tólf minjarnar voru skráðar eftir loftmynd frá 1958 og túnakorti frá 1920 og teljast ekki í hættu þar sem þær eru horfnar.

Þar sem hluti skipulagssvæðisins er innan gamla bæjarstæðis Hóls/Þinghóls verður að fara með fyllstu varúð í framkvæmdunum og jafnvel er mælt með að hafa fornleifafræðing við framkvæmdaefirlit. Vert er að benda á að ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir ber að stöðva þær **strax** og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun svo taka ákvörðun um framhaldið.

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla Árnessýsla* (B. VI). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

Diplomatarium islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. Fimmtánda bindi. 1567-1570 (og síðar). 1947-50. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hallbjörn Eðvarð Oddsson. (1963). Ævisaga Hallbjörns Eðvarsð Oddssonar. *Ársrit Sögufélag Ísfirðinga*, 116-151.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Sögur og Sagnir. 2019. Tunga, Hóll og Sveinseyri. Sótt 6. mars 2024 af https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/tunga-holl-og-sveinseyri/#_ftn21.

Tálknafjarðarhreppur. 2010. *Skipulag frístundabyggðar og þjónustulóðar á milli Hólsár og skólasvæðis..* Landmótun. Sótt 6. mars 2024 af <https://talknafjordur.is/auglysingar/skra/894/>.

Óútgefnar heimildir

Túnakort: Hóll Tálknafjarðarhreppur Vestur-Barðastrandarsýsla 1920

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl 1703

Örnefnaskrá Hóll.

6. KORT



Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- - - Afmörkun skipulagssvæðis

0 50 100 m

Yfirlitskort yfir skráðar fornminjar innan deiliskipulagsreitsins í landi Þinghóls, Tálknafirði